



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	5. fundur stjórnar KLÍ 2018-2019
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	15. nóvember 2018 kl. 17:30
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður Björgvin Valdimarsson (BV) Meðstjórnandi Stefán Claessen (SC) Varamaður Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdastjóri
Boðuð forföll:	Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) Gjaldkeri Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Varamaður
Fjarverandi:	Björn Kristinsson (BK) Varamaður Ingi Geir Sveinsson (IGS) Ritari
Fundarritari:	JÁJ

Dagskrá fundar

Síðasta fundargerð	1
Málefni Aganefndar.....	1
Keilarar ársins 2018.....	2
Verkefnalisti stjórnar.....	2
Önnur mál.....	2

Síðasta fundargerð

Samþykkt, laga stafsetningavillur.

Málefni Aganefndar

Formlega þarf að ganga frá nokkrum málum sem hafa komið á borð Aganefndar. Sem fyrr þá hafa félög ekki tilnefnt aðila í þá nefnd. Stjórn KLÍ tekur því sæti í þeirri nefnd.

ÞMP nefnir mál sem kom upp í byrjun tímabils þegar KFR Keilufélagar voru ekki löglega skráðir til leiks, mættu þó á Skagann gegn Þór Víking sem vann leikinn 12 – 2. Á stjórnarfundi fljótlega eftir var þetta rætt og niðurstaðan var sú að skv. reglum væri þetta 14 – 0 tap KFR Keilufélaga en ekki kemur til annarra refsinga þar sem um misstök í skráningu var að ræða. Greitt var fyrir liðaskipti en engar tilkynningar komu inn fyrr en bent var á þetta.

Mál KFR Ásynja gegn ÍR N þar sem leikmaður ÍR N liðs sandar bolta í miðjum leik var afgreitt sem að skor viðkomandi leikmanns verði 0 í 10. ramma leiks tvö og skor 3. leiks leikmanns þurrkist út.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Dómaraskýrsla frá [...] vegna leiks ÍR KLS gegn KFR Grænu töffurum þar sem bent var á að einn leikmaður ÍR KLS var ekki í eins búning var afgreidd þannig að málinu var vísað frá þar sem það er hlutverk dómara þeirra liða sem leika að dæma í málinu. SC vék af fundi þegar þetta mál var rætt. Athugasemd kom að leikmaður ÍR KLS var í samlitum búning í leik, bara gamla týpan. Einnig kom fram ath. frá HH að það mætti samræma reglugerð KLÍ um keilumót t.d. til samræmis við reglugerð KSÍ sem segir: „Sé einhver leikmanna í búningi sem frábrugðinn er búningi félaga hans skal dómari víkja honum af leikvelli þar til ákvæði þessu hefur verið fullnægt.“ Að auki mætti undanskilja ef auglýsingar eru á bol þá eigi þetta ekki við. Einnig má áréttta við lið í deildarkeppnum að það er á ábyrgð þeirra að fylgja reglum og benda má á nauðsyn þess að reglum sé viðhaldið.

PMP nefnir atvik þar sem ÍR KK mætir ekki til leiks á Skaga gegn Þór Þrumunum en ÍR KK hafði gert boð á undan sér að þær mundu ekki ná í lið. Hafa þær samband við Mótanefnd sem gefur þeim leifi til að gefa frá sér leikinn. Tilkynning um það hefur ekki borist Aganefnd eða stjórn KLÍ sem hefði mátt gera. Senda þarf Mótanefnd skilaboð þar um og úrskurða leikinn formlega 14 – 0 tap fyrir ÍR KK auk þess sem það á að sekta skv. reglum KLÍ.

JÁJ tekur að sér að forma þessi erindi og áframsenda á aðila.

Keilarar ársins 2018

Samdóma álit að Arnar Davíð Jónsson KFR og Ástrós Pétursdóttir ÍR hljóta þessa útnefningu.

Verkefnalisti stjórnar

JÁJ imprar á að við þurfum að hafa svona lista í gangi, tekur að sér að búa hann til en aðilar innan stjórnar þurfa að koma með þau verkefni sem þeir telja að stjórn KLÍ þurfi að fást við á tímabilinu. Þar á meðal vefmálin o.fl. SC nefnir að vefmálin hafi dregist ögn. Líklega þarf bara að ýta þeim í gang aftur.

Önnur mál

JÁJ leggur til að KLÍ verði sér út um viðhafnarfána. Nota má slíkan fána á þingum KLÍ, við opinberar athafnir KLÍ s.s. undirskriftir samninga o.fl. PMP falið að kanna hvar hægt er að verða sér út um slíkan fána og leggja fram tillögu til stjórnar.

HH spyr hvort ekki þurfi að ræða við Mótanefnd KLÍ um aðstoð við mótaumsjón. JÁJ nefnir að það eigi að fá félögin til að tilnefna aðstoðarmenn en við þurfum að drífa í þessu. JÁJ hefur samband við Mótanefnd.

HH nefnir í annað sinn með AMF mótin hvort það eigi ekki að fá þau mót inn til KLÍ þar sem sigurvegarinn er fulltrúi lands. PMP bendir á að áður var andstaða við það innan stjórnar KLÍ þar sem Qubica AMF World Cup er ekki samþykkt eða á vegum ETBF eða WTBA heldur sér mót. Það má samt athuga þetta mál frekar. JÁJ nefnir stuðning sem Keiluhöllin er búin að lofa ÍR varðandi þetta mót. Svavar formaður ÍR Keiludeildar nefndi þetta við JÁJ. Fyrirkomulagið er í góðum málum eftir það.

Fundi slitið 18:50